



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **2015-065-F-012**

Dags: **15. júní 2015**

Staður: **Reykjahlíðarflugvöllur**

Lýsing: **Stélkastaðist í landingu**

Flugmaður með einkaflugmannsréttindi lenti stélhjólflugvél TF-KOZ (Bellanca 7GCBC) á Reykjahlíðarflugvelli við Mývatn. Í landingunni lyftist vinstri vængurinn ögn vegna hliðarvinds og sveigði flugvélin í kjölfarið til vinstri. Flugmaðurinn reyndi að rétta flugvélinu af, en náði því ekki. Hafnaði flugvélin utan brautar í lágreistum trjágróðri og stöðvaðist þar. Loftskrúfan skemmdist og ljóst var að grannskoða þurfti hreyfilinn í kjölfarið. Flugmaðurinn hafði 74,2 flugtíma reynslu, þar af 15,6 á þessa tegund flugvélar. RNSA telur að flugmaðurinn hafi vanmetið áhrif hliðarvinds í landingunni og flugvélin því stélkastast er hún kom á litla ferð.



RNSA/RNF hefur áður skrifað skýrslur um samskonar stélkast stélhjólflugvéla í landingu og er talið að litlu sé við þær skýrslur að bæta með þessari rannsókn, en RNSA bendir á skýrslu M-02405/AIG-07 sem RNF gaf út þann 22. desember 2005 um sambærilegt stélkast á flugvél TF-FUN.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. september 2015.